

Byggingarlýsing

Um er að ræða bílgeymsluhús sem er frístandandi frá núverandi einbýlishúsi. Húsið er byggt úr timbri bæði veggir og þakvirki sem svo hvíla á staðsteyptum undirstöðum.

Staðgreinir: 8722-6-00035006
Landnúmer: L213873

Stærðir:
Bílgeymsla:
Brúttó flatarmál er 50,0 m²
Brúttó rúmmál er 186,5

Burðarvirki hússins eru staðsteyptir sökkjar og ofan á þá kemur staðsteypt botnplata. Undir botnplötunni er 50mm frauðplast einangrun, 50mm frauðplasteinangrun er svo 500mm niður á sökkulveggina. Útveggir eru svo úr 125mm burðarvið sem klæddir eru utan með 9mm krossviði í kringum horn, en annars staðar klæðist með viðurkenndum öndunardúk/loftunarpappa. Utan á krossvið/öndunardúk eru lektur (loftunarbíl min. 20mm) sem klæddar eru með timburklæðningu. Innan í timburgrind er 125mm steinullareinangrun, innan á grindina er svo rakavarnarlag, lektur, spónaplata og að lokum gífsplata í brunaflokk 1. Ofan á timburveggjum eru svo kraftsperrur, einangraðar með 150mm steinull og klæddar að neðan með rakavarnarlagi, lektum og gífsplötum. Þakflötur er einhalla, þéttklæddur með 25x150mm borðaklæðningu, þar ofan á þakpappa og málmklæðningu. Þakrymi er útoftað með 1.000 mm² fyrir hvern m² í þakfleti. Sperrubíl 900mm í hverju sperrubíli eru 3 stk Ø40mm PE hvoru megin í þakkanti.

Allir gluggar og hurðir eru úr timbri. Allt gler er tvöfalt K-gler. Bílgeymsluhurð er úr panel einingum fylltum með frauði (uretan). Allir innveggir eru gerðir úr timburstöðum, klæddir með spónaplötum og svo gífsplötum yfir þær.

Neysluvatnslagnir eru "rör í rör" lagnir (plastpípur ídregnar í barka) og er þær steyptar í botnplötu. Hitastig á neysluvatni skal ekki vera hærra en 60° C úr neysluvatnskrönum. Gólfhitakerfi er í húsinu, gólfhitalagnir eru steyptar í botnplötu hússins. Frárennsli er leitt í plastpípum frá húsi og tengt við núverandi rotþró íbúðarhúss.

Raflagnir eru staðsettar í lagnagrindum í veggjum og lofti. Loftun rýma er þannig að ferskloft er dregið inn um opnanlega glugga á útveggjum hússins.

Gert er ráð fyrir að hiti innanhúss sé á bilinu 10-18 °C

U-gildi byggingahluta	Byggingarreglugerð	Reiknuð
Botnplata	0,4 W/M ² K	0,35 W/M ² K
Léttur útveggur	0,4 W/M ² K	0,30 W/M ² K
þak	0,3 W/M ² K	0,28 W/M ² K
Gluggar	3 W/M ² K	1,30 W/M ² K
Hurðir	Engin krafa	2,10 W/M ² K
Útveggir, veglð meðaltal	Engin krafa	


Brunavamir: Útveggir eru EI60 veggir og fjarlægð milli íbúðarhúss sem fyrir er og byggingarinnar er yfir 3m. Björgunarop eru í geymslu og bílgeymslu. Rýmingarleiðir eru út um gönguhurð á útvegg í bílgeymslu. Reykskynjarar eru í bílgeymslu og geymslu. Slökkvitæki er í bílgeymslu.

Bílastæði eru þrjú talsins fyrir framan húsið (vestan við hús). Raftenglar til hleðslu rafbíla koma utan á húsið þar sem bílastæðin eru staðsett.

Inntök fyrir rafmagn, kalt og heitt vatn er í bílgeymslu. Þar eru jafnframt staðsetning lagnagrindar og rafmagnstöflu.

Burðarþolshönnun: Stefán Guðmundsson
Lagnahönnun: Stefán Guðmundsson


Grunnmynd
Mkv. 1:100




Skýringar:

GK Gólfkótt
GN Gólfhláurfall
PN Þakhláurfall
BO Björgunarop
RL Rýmingarleið
RS Reykskynjarar
RH Raftenglaustæði
SL Slökkvitæki


Deili A-A
Mkv. 1:100




Útlit suður
Mkv. 1:100




Útlit norður
Mkv. 1:100



Útlit vestur
Mkv. 1:100



Útlit austur
Mkv. 1:100



Afstöðumynd
Mkv. 1:500



Nr.	Dags.	Breyting	Af
STEFÁN GUÐMUNDSSON Hraungerði, 801 Selfoss Sími: 864-2621, Netfang: mor@simnet.is			
HNAUSHOLT FLÓAHREPPUR			
BÍLGEYMSLA AÐALTEIKNINGAR GRUNNMYND OG ÚTLIT			
Teikn. SG	Hönnuður aðaluppd.		
Dags: 30-04-22	Mkv: 1:100/500	Nr: A01	
Samþ.	Stefán Guðmunds. kt. 301171-4989		

